



Fundargerð

Umdæmisstjórn hittist 9.ágúst 2023 kl.17:00 heima hjá umdæmisstjóra. Mættar voru Sigríður umdæmisstjóri, Jóhanna ritari og María viðtakandi umdæmisstjóri. Ragnhildur gjaldkeri boðar forföll.

- Ákveðið að einkunnarorð ársins „Shine a light“ verði „Tendrum ljós“ á íslensku, og er þar meðal annars höfðað til þess að klúbbarnir kveikja á kerti í upphafi funda sinna.
- Ákveðið að senda öllum forsetum klúbbanna bréf í byrjun september, þar sem klúbbar eru minntir á að greiða gjald til umdæmisins fyrir miðjan október, þar sem umdæmið þarf að gera skil til Alþjóðaskrifstofunnar fyrir lok október. Upplýsingar um upphæð sendar fljótlega.
- Haustfundur IW verður haldinn í Skíðaskálanum í Hveradölum laugardaginn 28.okt. og hefst kl.14:00. Veitingar verða glæsilegt snittu- og kökuhlaðborð sem kostar 4.900 á mann. Stefnt er að ræða um þátttöku IW félaga á þing IW í Manchester 2024, á haustfundinum.
- Skoðuðum á lög umdæmisins og hvort ástæða væri til breytinga. Stjórn sér ekki ástæður til neinna sérstakra breytinga að sinni, en ræða má lögin á haustfundinum.
- Ræddum um hvort umdæmi Inner wheel ætti að standa að styrkveitingum sjálf, og er stjórn þeirrar skoðunar að slíkt ætti eingöngu heima hjá klúbbunum sjálfum. Umræða var þó um hvort klúbbarnir ættu að sameinast um styrkveitingar, þ.e. styrkur væri sameiginlegur og þá að ákvörðun um hver hlyti styrkinn yrði hjá þeim klúbbi sem færi með stjórn umdæmisins hverju sinni. Ákveðið að ræða þetta á sameiginlegum haustfundi klúbbanna.
- Umdæmisstjóri (og aðrir stjórnarmenn eftir aðstæðum) stefnir að því að heimsækja alla klúbba fyrir haustfundinn í október. Þrír klúbbar funda á sama tíma, og mun umdæmisstjóri hafa samband við forseta klúbbanna til að ákveða hvenær hún heimsækir hvern klúbb.

Almennir fundartímar klúbbanna eru sem hér segir:

○ IW Görðum	síðasta miðvikudag í mánuði	kl.18:00
○ IW Keflavík	þriðja þriðjudag í mánuði	kl.19:00
○ IW Hafnarfjörður	annan miðvikudag í mánuði	kl.18:30
○ IW Kópavogur	annan miðvikudag í mánuði	kl.19:00
○ IW Reykjavík	annan miðvikudag í mánuði	kl.19:00
○ IW Selfoss	annan þriðjudag í mánuði	kl.19:00

Ákveðið að kynna alþjóðþing IW sem haldið verður í Manchester í Englandi í maí 2024 í heimsóknum til klúbbanna. Þetta er um leið 100 ára afmæli Inner Wheel hreyfingarinnar. Ákveðið að hvetja stjórnir klúbba til að bjóða heiðursfélögum sínum á jólafundi klúbba

- Stefnt er að því að umdæmisráð fundi mánaðarlega, fyrsta þriðjudag í mánuði
- Næsti fundur umdæmisráðs verður þriðjudaginn 5.sept.kl.17:00 á heimili umdæmisstjóra

Fleira ekki gert og fundi lauk um kl.19:00

Jóhanna Róbertsdóttir